



Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2021

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Sveitarfélaginu Skagafirði sem búa í eigin íbúð og:

a) eru 67 ára á árinu eða eldri

eða

b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði sem nefnd eru í 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 70.000 á árinu 2021. Afsláttur er reiknaður til bráðabirgða við upphafsálagningu og er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2019. Hámarks afsláttarupphæð við upphafsálagningu er 35.000 kr. Þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2020 verður afsláttur endurskoðaður og leiðréttur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

a) með tekjur allt að 3.690.000 kr. fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir 4.976.000 kr. enginn afsláttur.

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

a) með tekjur allt að 4.802.000 kr. fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir 6.502.000 kr. enginn afsláttur.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.



Sveitarfélagið Skagafjörður

6. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er stjórnsýslu- og fjármálasviði heimilt að víkja frá 2. og 4 gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.
- b) ef um skyndilega örorku er að ræða, sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að þrjú ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum.

Lækkun samkvæmt þessari grein skal staðfest af byggðarráði.

7. gr.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar endurskoðar tekjumörk og afsláttarupphæð í nóvember ár hvert.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 26. nóvember 2020